Afstæði

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Það er skammt á milli sýninga listakonunnar Rúrí á þessum vetri. Í desember hélt hún sýningu í Nýlistasafninu, þar sem hún tók fyrst og fremst til athugunar hina mannlegu viðmiðun gagnvart þeim mælieiningum, sem við höfum í kringum okkur. Nú stendur yfir sýning í austursal Kjarvalsstaða, þar sem listakonan heldur áfram að fjalla um svipaða hluti. Að þessu sinni er það fyrst og fremst grunnmælieining vestrænnar menningar, metrinn, sem er tekinn fyrir í lengd og fleti.

Sýningu sinni á Kjarvalsstöðum gefur Rúrí nafnið Afstæði, og bendir með því til þess hversu mikilvægt er að huga að samhengi hlutanna og afstöðunnar milli þeirra; þar sé fátt sjálfgefið, þótt við leiðum sjaldan að því hugann. Til að hægt sé að ræða slíka afstöðu er hins vegar nauðsynlegt að viðmælendur eigi sér sameiginlega mælieiningu, og hið nærri tveggja alda gamla metrakerfi er nú almennt viðurkennt sem sá grunnur, sem best dugar. En þó að þessi lengdareining, metrinn (sem nú er miðaður við 1650763,73 öldulengdir kryptonljóss skv. Orðabók Menningarsjóðs), sé okkur töm, er alls ekki svo um alla, eins og þeir þekkja vel sem t.d. hafa dvalið meðal enskumælandi þjóða.

En líkt og flest það sem okkur hættir til að taka sem sjálfsögðum hlut, á metrinn sér óvæntar hliðar, og Rúrí leiðir sýningargesti inn í mun fjölbreyttari möguleika hans en þá gat órað fyrir. Verkfæri hennar eru eins einföld og þau eru hnitmiðuð: Meterslangir tommustokkar á einlitum bakgrunni, ýmist úr máluðu tré eða úr blýi. Stærsta verkið á sýningunni kallast „Fimmtíu metrar (nr. 9), og getur þar að líta fimmtíu möguleika meters sem lengdareiningar; í einni mynd birtist hann í fullri lengd, eins og til viðmiðunar, en síðan getur að líta hinar fjölskrúðugustu útfærslur þessarar takmörkuðu einingar - engar tvær eru eins. Og séu önnur minni verk svipaðs eðlis talin með, eru yfir níutíu tilbrigði meters fólgin í þeim ímyndum, sem Rúrí hefur sett á veggi salarins. Það má því sannarlega segja, að listakonan sanni þannig í verkum sínum, að metrinn sé afstæð eining.

Gildi verkanna á sýningunni felst hins vegar ekki einungis í fjölbreytileik þeirra mælieininga sem eru notaðar, heldur einnig í samspili jákvæðra og neikvæðra gilda, efna og eiginleika þeirra; því er rétt að velta notkuninni á blýi sem grunnefnis í fjölda verkanna nokkuð fyrir sér.

Blý er í neðsta hluta virðingarstiga málma í hugum flestra. Blýið er ekki þekkt fyrir glæsileika, áferð eða verðmæti; það telst til undirstöðunnar, hins varanlega, og hverfur oftast í skugga svokallaðra góð-málma. Einmitt vegna þessa hefur Rúrí kosið blýið; það er varanlegt, en um leið viðkvæmt (sbr. aðvörun á sýningunni), sterkt, en um leið mjúkt og hægt að móta það.

Síðastnefndi eiginleikinn gerir hin sérstæðu núll-verk sýningarinnar möguleg. Í þeim koma saman tvenns konar gildi, sem jafnast síðan út líkt og jákvæðar og neikvæðar tölur í stærðfræðinni. Annars vegar er hið jákvæða;



Rúrí

heilt, framsett, glansandi og áferðarfallegt; hins vegar er hið neikvæða; holrúm, þrykkt inn í efnið, dauft og óljóst. Þessi verk vísa með vissum hætti til þess að hvert mál, efni eða viðhorf er afstætt og á sér tvær hliðar; jafnvægið kann að felast í einhvers konar núlli, þegar allar hliðar hafa verið lagðar saman.

Hér er á ferðinni vandlega unnin sýning, þar sem undirstöðuatriði eru tekin til athugunar. Menn gera sér sjaldan háar hugmyndir um hversdaglega hluti eins og mælieiningar. Rúrí tekst hins vegar að leiða hér fram hluta af þeim fjölbreytileika, sem þar er að finna; hugmyndin er þannig upphafið, í myndlist sem annars staðar, og efniviðinn er alls staðar hægt að finna, jafnt í hinu almenna sem hinu sérstaka.
Sýningin í austursal Kjarvalsstaða stendur til annars páskadags, 20. apríl.

Jón Benediktsson

Nú stendur yfir í FÍM-salnum við Garðastræti sýning á nokkrum eirskúlptúrum Jóns Benediktssonar myndhöggvara, sem hann hefur unnið síðustu ár.

Jón er af elstu kynslóð núlifandi listamanna hér á landi, fæddur 1916. Hann kynntist myndlistinni ungur, en lærði svo húsgagnasmíði, og var svo nemandi Ásmundar Sveinssonar, auk þess að hafa fengið tilsögn hjá fleirum. Hann tók á sjötta áratugnum að þróast frá því að vinna í kennilegum formum yfir í óhlutlæga myndgerð. Síðar gerði hann margvíslegar tilraunir með form og efni, en hann hefur í gegnum tíðina unnið í tré, stein og hina ýmsu málma, allt eftir því sem honum hefur þátt henta hverju sinni. Jón vann lengi við Þjóðleikhúsið og margir minnast stórbrotinna kirkjumuna sem hann smíðaði þar fyrir sýningu á leikriti Matthíasar Jochumssonar um Jón Arason, sem sýnt var 1974.

Jón hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1957, og hefur síðan tekið nokkuð reglulegan þátt í listalífinu, þó hann hafi lengst af einnig sinnt annarri vinnu. Hann hefur átt verk á samsýningum innan lands og utan, auk þess að sýna einn; síðasta sýning hans var einmitt í FÍM-salnum, þar sem hann sýndi fyrir þremur árum ásamt dóttur sinni, Margréti Jónsdóttur listmálara. Nú er Jón kominn á lögskipaðan eftirlaunaaldur, og hefur því betri tíma og tækifæri til að helga sig höggmyndalistinni óskiptur.

Á sýningunni í FÍM-salnum nú getur að líta átján verk, sem nær eingöngu eru unnin í eir. Þetta efni og þeir ótöldu möguleikar sem það býður upp á virðast hafa heillað listamanninn sérstaklega, því að úrvinnsla verkanna er afar fjölbreytt. Ber fyrst að nefna hina mismunandi litaáferð málmsins, allt frá dimmgrænum til hinna bjartari tóna eirsins; sum form verkanna eru mjúk og þjál á meðan önnur eru hvöss og skörðótt. Sumt er hér hamrað, brætt og gróft, en annað fínpússað, sorfið og mjúkt – og stundum er hægt að finna ólíka eiginleika af þessu tagi í einu og sama verkinu.

Listamaðurinn gefur verkum sínum ekki nöfn, en kallar þau einfaldlega eirskúlptúra. Í flestum þeirra gætir ákveðinnar dulúðar, sem minnir á forsögulega tíma og tilbeiðslu frumstæðra trúarbragða. Augað alsjáandi kemur víða fyrir, og grímur sem minna á skurðgoð framandi þjóða blasa einnig við. Loks ber að nefna mjúkar ímyndir fugla (t.d. nr. 15), sem hefja sig til flugs; ef til vill er þar á ferðinni fuglinn Fönix, að rísa á ný úr öskunni. Fjöreggið virðist í góðri vörslu hjá þessum vörðum lífsins.

Jón Benediktsson stendur föstum fótum í þeirri myndrænu hefð höggmyndalistarinnar, sem skapaðist í verkum brautryðjenda módernismans á þessarri öld. Nöfn manna eins og Picassos, Lipchitz, Max Ernsts og jafnvel Mirós koma fljótlega upp í hugann við skoðun verka hans; þar er ekki leiðum að líkjast. En það er persónuleg mýkt í verkum listamannsins sem er afrakstur áralangrar eljusemi og vinnu; það þarf aðeins og líta til hinna smæstu þeirra, eins og nr. 16, til að sannfærast um að hér er á ferðinni listamaður, sem ber gott skynbragð á form, rými og efnisgildi. Verk Jóns geisla jafnframt af þeirri ánægju yfir vel unnu verki, sem listamaðurinn telur eitt helsta takmark myndlistarinnar.

Sýning Jóns Benediktssonar í FÍM-salnum stendur til þriðjudagsins 14. apríl.

Helgi Gíslason

Í vestursal Kjarvalsstaða stendur nú yfir sýning á verkum Helga Gíslasonar myndhöggvara, en sýningu sína nefnir listamaðurinn „Þversagnir, og tileinkar hana föður sínum, Gísla Eiríkssyni.


Það er orðið nokkuð um liðið síðan Helgi hélt sína síðustu einkasýningu, m.a. vegna anna við önnur verkefni. Helgi stundaði sitt listnám við Myndlista- og handíðaskólann og síðan við Valand listaháskólann í Gautaborg í Svíþjóð. Hann hefur um langt árabil verið kennari við listasvið Fjölbrautaskólans í Breiðholti samhliða því sem hann hefur unnið að list sinni. Helgi hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir list sína, og má þar síðast nefna bjartsýnisverðlaun Bröste árið 1991; verk hans fyrir opinbera aðila er að finna víða um land, allt frá Seðlabankahúsi til Stykkishólms, frá Húsavík til Hafnar í Hornafirði.

Það sem einkum hefur vakið athygli manna á verkum Helga er efnismeðferð hans. Helgi hefur hiklaust leitt saman ólík efni í einu og sama verkinu, og úrvinnslan hefur oftar en ekki leitt fram nýja sýn á eiginleika efnanna og möguleika þeirra í listinni. Hann hefur því unnið út frá efnisgildunum, eins og Auður Ólafsdóttir listfræðingur segir í sýningarskrá: „Verk Helga Gíslasonar myndhöggvara eru ekki hönnuð á teikniborðinu og útfærð af vandalausum handverksmönnum, líkt og verk fjölmargra nútímamyndhöggvara, heldur verða þau til af glímunni við efnið á meðan listamaðurinn vinnur.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum getur að líta 15 höggmyndir, sem nær allar eru samsettar úr tveimur eða fleiri efnum, sem vissulega gætu myndað þversagnir: verk úr stáli og vaxi, eða bronsi og gleri eru engan veginn hefðbundnar blöndur. Einu undantekningarnar frá slíkum samsetningum eru verk nr. 13 og 15, sem nánast ramma sýninguna inni frá sitthvorum endaveggnum. Þessi tignarlegu stálverk minna í einfaldleik sínum á þanþol málmsins og hina átakalausu sveigju í flugi arnarins; tengslin við altarið sem listamaðurinn smíðaði fyrir Fossvogskirkju eru augljós.

Styrkur málmsins kemur nokkuð við sögu í fleiri höggmyndum Helga, eins og sést í þeim verkum sem standa á grönnum fæti, beint frá gólfi, en breiða síðan úr sér þegar ofar dregur. Óvænt samsetning efna gerir hina sjónrænu ímynd enn óvenjulegri; stálbikar fylltur mjúku vaxi (nr. 3) og brons kaleikur með tini, sem flæðir yfir barmana (nr. 1). Skemmtileg notkun efna kemur á svipaðan hátt fyrir í fleiri verkum, og hversu þversagnakennd sem hún kann að virðast við fyrstu sýn, ganga þessi verk öll upp í augum áhorfandans.

Litur og áferð skipta einnig miklu máli í verkum Helga. Bronsið býður upp á ýmsa möguleika á þessu sviði, sem listamaðurinn nýtir sér til fullnustu; hér getur að líta bronsverk sem eru græn að lit, tinhúðuð eða brún; þessir litir vinna bæði með gleri og tini. Áferðin er að sama skapi fjölbreytt, einkum þar sem gler og brons vinna saman (t.d. nr. 11. og nr. 14); þar verður handbragðið líkast því sem listmálari sé á ferðinni með pensla sína og sköfur.



Höggmynd; brons og tin, 1992.

Gólfverk Helga eru hringsæ og njóta sín vel frá öllum hliðum; þetta eru formrænar höggmyndir í klassískum anda þess orðs. Þær bera með sér að hér er á ferðinni verkmaður, sem ber gott skynbragð á eiginleika efnisins, og á hvern hátt það getur unnið; hin endanlega höggmynd verður síðan til í höndunum á listamanninum, eins og fyrr segir. Það er rétt að hvetja fólk til að skoða þessa sýningu, sem er auk þess komið fyrir á þann hátt, að hvert einstakt verk nær að njóta sín vel í rými salarins.

Sýning Helga Gíslasonar í vestursal Kjarvalsstaða stendur til annars páskadags, 20. apríl.

Halldór Laxness:

Aukið Kvæðakver

VAKA-HELGAFELL hefur gefið út nýtt og aukið Kvæðakver Halldórs Laxness.


Í fréttatilkynningu segir m.a.: „Kverið kom fyrst út 1930 en árið 1949 var bætt við ljóðum sem þá höfðu litið dagsins ljós. Nú hefur verið aukið við kvæðum Laxness úr skáldsögum hans, leikritum og minningabókum sem ekki hafa fyrr ratað í kverið.

Halldór var brautryðjandi í íslenskri ljóðagerð á þriðja áratugnum. Þá gerði hann tilraunir til þess að leysa íslenskt ljóðmál úr viðjum storknaðs, hefðbundins forms, svo sem með Únglíngnum í skóginum, en það kom hins vegar í hlut annarra yngri skálda að fylgja landvinningum hans eftir.

Síðar sneri Halldór sér meira að hinum hefðbundnu háttum, enda eru sum kvæðanna ort í orðastað skáldsagnapersóna hans, einkum í Sjálfstæðu fólki og Heimsljósi. Þau sem ekki voru felld inn í önnur skáldverk eru oftar en ekki eldheit baráttuljóð fyrir réttlátari skiptingu veraldlegra gæða en snerta einnig annan streng sem löngum hefur hljómað í verkum Halldórs — ættjarðarástina.

Óhætt mun að fullyrða að ýmisaf „alvarlegri“ kvæðum Halldórs séu meðal þess besta sem ort hefur verið á íslensku á þeirri öld sem nú er að líða. Gamansemi skáldsins fær ekki síður að njóta sín í kverinu — kerskni, háð og græskulaust grín — en þar er einnig uppreisn gegn fáfengilegu orðaprjáli og uppblásnum hátíðleik. Sem fyrr hristir skáldið upp í stirðnuðum líkingum og endurnýjar þannig tungumálið.

Í bókarlok gerir Halldór grein fyrir því hvar og hvenær einstök kvæði eru ort og skýrir baksvið þeirra.“



Halldór Laxness

Kvæðakver Halldórs Laxness er í þessari nýju útgáfu 181 bls. á lengd, prentun fór fram í Steinholti hf. en hún er bundin í Félagsbókbandinu Bókfelli hf.

Brids

Umsjón Arnór Ragnarsson


Bridsfélag Akureyrar

Alfreðsmóti Bridsfélags Akureyrar lauk í Hamri sl. þriðjudagskvöld. Um er að ræða minningarmót um Alfreð Pálsson og var keppt bæði í sveitakeppni og tvímenningi og voru pörin dregin saman í sveitakeppnina.

Jón A. Hermannsson, Viðar Sigurjónsson, Árni Bjarnason og Sveinbjörn Jónsson, sigruðu í sveitakeppninni með 101 stig en í öðru sæti urðu Ármann Helgason, Sigfús Hreiðarsson, Stefán Vilhjálmsson og Guðmundur L. Gunnlaugsson með 67 stig.

Í þriðja sæti urðu Ólafur Ágústsson, Tryggvi Gunnarsson, Haukur Jónsson og Haukur Steinbergsson með 63 stig.

Í tvímenningnum urðu sigurvegarar þeir Pétur Guðjónsson og Stefán Ragnarsson með 129 stig og öðru sæti þeir Jón A. Hermannsson



og Viðar Sigurjónsson með 112 stig. Magnús Magnússon og Reynir Helgason urðu í þriðja sæti með 97 stig og Örn Einarsson og Hörður Steinbergsson í því fjórða með 86.

Næsta keppni er nýliðamót þar sem reyndari spilarar félagsins fá með sér nýja spilara. (Eða þá sem hafa horfið úr félaginu).

Bridsfélag Sauðárkróks

Síðastliðinn mánudag var spilaður eins kvölds tvímenningur. Efstu pör urðu:

Kristján Blöndal – Lárus Sigurðsson	138
Jóhanna Jóhannsdóttir – Einar Svavarsson	122
Þórdís Þormóðsdóttir – Soffía Daníelsdóttir	119
Jón Sigurðsson – Sveinbjörn Eyjólfsson	117

Næsta mánudag verður einnig spilaður eins kvölds tvímenningur.